

# Skólanefndarfundur 4. Júní 2015

Steinþór fundarstjóri og Tinna ritari.

Mættir voru: Tómas Geir Howser forseti NFFG, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður skólanefndar, Þorkell Máni, Sigrún Gísladóttir, Kristinn Þorsteinsson skólameistari, Þórunn Sveinbjarnardóttir, Steinþór Einarsson formaður skólanefndar og Tinna Arnardóttir fulltrúi kennara sem ritaði fundargerð.

## 1. Fjármál skólans

Skólameistari hefur áhyggjur af stöðu fjármála. Ekki verður hægt að kaupa þau tól og tæki sem stefnt var að.

## 2. Innritun haust 2015

Mikil aðsókn að skólanum. Gerum ráð fyrir að taka um 180 nýnema inn í vor. Aðsókn hefur farið vaxandi frá árinu 2009. Í vikunni voru umsóknir samþykktar hjá 30 eldri nemendum en 70 sóttu um.

## 3. Starfsmannamál

Tvær stöður auglýstar, hálf staða leiklistarkennara og starf skólaliða. Starfsmenn skólans eru 72 þar af kennarar um 50.

## 4. Önnur mál

- Næsti fundur verður 3. sept síðan, 22.okt, 10.des. Þeir byrja allir á sama tíma 12:00
- Þórunn spyr um mætingamál. Kristinn talar um að það verði 80 nemendur á samningi næsta haust 2015.
  - Það var betri námsárangur á þessari önn – betri mæting
  - Þeir nemendur sem voru látnir fara hafa ekki skilað sér aftur í skólann
  - Kristinn talar um að þetta sé ný nálgun á því að fá nemendur skólans til að mæta betur - auðveldara eftir lengri tíma en við töpum ekki á þessu.
- Áslaug spyr hver sé staðan á sögu skólans sem byrjað var að skrifa. Spurning hvort að það megi ekki setja það í einhvern farveg og klára verkefnið? Kristinn segir að það sé ekki til peningur í verkefnið. Máni kemur með tillögu að Karolínafund til þess að hægt sé að gefa út bókina. Með Karolínafund er hægt að fá gamla FG-inga til að leggja til pening í verkefnið. Áslaug og Máni taka að sér verkefnið
- Áslaug kemur með aðra fyrirspurn varðandi tónlistarbraut, verður hún kennd í nýrri námskrá. Kristinn segir að skólinn hafi fengið höfnun á brautina en það sé verið að vinna í henni. Máni kemur með tillögu að nýjum áföngum í tengslum við umboðsmennsku, tónlist o.fl. og segist geta reddað tækjum ef hægt sé að skaffa

húsnæði. Hann spyr hvort að „gamla“ FG húsnæðið sé ekki laust. Áslaug segir að það fari að losna.

**Fundi slitið 13:00**